

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. mars 2024 í máli nr. 80/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 15. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X, („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y, („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 1.171.892 krónur auk dráttarvaxta frá 8. mars 2023. Varnaraðili krefst þess að kröfu varnaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 18. ágúst 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 11. september 2023. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust 18. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, afrit af pöntunarstaðfestingu og staðfesting á greiðslu, dags. 8. mars 2023, skjáskot af smáskilaboðum, dags. 5. júlí 2023, afrit af tölvupósti sóknaraðila til varnaraðila, dags. 31. júlí 2023 og símtalaskrá sóknaraðila.

Með bréfi, dags. 29. febrúar 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls flytur varnaraðili til Íslands frá [...], m.a. byggingarefni og timbur, og selur viðskiptavinum sínum. Þann 8. mars 2023 pantaði sóknaraðili timburefni í pall og skjólvegg, skúfur, hitaveituskel og blómapotta hjá varnaraðila. Fullgreiddi sóknaraðili varnaraðila fyrir vörunar sama dag eða alls 1.509.212 krónur. Sammælt var um að vörunar yrðu afhendar um átta vikum síðar eða í lok maí 2023.

Sóknaraðili vísar til þess að hafi ekki orðið af afhendingu varanna á umsömdum tíma og hafi varnaraðili fullyrt í nokkur skipti að vika væri í afhendingu þeirra, síðast með smáskilaboðum, dags. 5. júlí 2023. Í lok júlímánaðar hafi varnaraðili afhent sóknaraðila lítinn hluta af þeim vörum sem samningur aðila náði til. Hafi varnaraðili ekki getað veitt upplýsingar hvenær honum væri unnt að afhenda sóknaraðila afganginn af vörunum. Með tölvubréfi, dags. 31. júlí 2023, krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili myndi endurgreiða honum fyrir þær vörur sem enn höfðu ekki verið afhentar. Að sögn sóknaraðila hefðu varnaraðili hvorki orðið við þeirri kröfu né afhent honum þær vörur sem vantaði við afhendingu.

Varnaraðili ber því við að hafa sérpantað timburefni fyrir sóknaraðila í gegnum birgja sinn í [...] frá [...] en afhending þess hafi ítrekað dregist. Hafi hluti varanna verið afhentur sóknaraðila í lok júlí 2023. Að sögn varnaraðila hafi sóknaraðili í kjölfarið

krafist fullrar endurgreiðslu kaupverðs auk greiðslu kostnaðar vegna tafanna. Kveðst varnaraðili ekki geta fallist á það.

#### IV

##### Lagaumhverfi

Fjallað er um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í V. kafla laga nr. 48/2023 um neytendakaup (nkpl.). Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. nkpl. getur neytandi gripið til tiltekinna vanefndarúrræða ef hlutur er ekki afhentur eða er afhentur of seint, þ.e. haldið eftir greiðslu kaupverðs, krafist efnda, riftunar eða skaðabóta. Ákvæði 23. gr. nkpl. fjallar um möguleika neytanda á að rifta kaupum vegna afhendingardráttar seljanda. Í ákvæðinu er m.a. kveðið á um að ef seljandi afhendir neytanda ekki hlut á umsömdum tíma eða innan tímamarka skv. 1. mgr. 6. gr. nkpl. skal neytandi krefjast þess að seljandi afhendi hlutinn innan viðbótarfrests. Afhendi seljandi ekki hlutinn innan þess frests getur neytandi rift kaupunum.

#### V

##### Niðurstaða

Sóknaraðili keypti timburefni í pall og skjólvegg, skrúfur, blómapotta og hitaveituskel frá varnaraðila 8. mars 2023 og greiddi 1.509.212 krónur fyrir. Var umsamið að afhending hlutanna færi fram í lok maí 2023. Dráttur varð á afhendingu en hluti varanna var afhentur sóknaraðila í lok júlí 2023. Með tölvupósti, dags. 31. júlí 2023, óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu kaupverðs þeirra hluta sem ekki höfðu þá verið afhentir. Líta verður svo á að sóknaraðili hafi þann dag rift kaupunum.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Aðilar í kröfuréttarsambandi geta í samræmi við þá meginreglu krafist þess að samningur verði efndur í samræmi við efni hans. Líkt og að framan greinir liggur fyrir í málinu að samningur um kaupin komust á þann 8. mars 2023 með greiðslu sóknaraðila að fjárhæð 1.509.212 krónum. Af málgögnum verður ráðið að ekki varð af efndum varnaraðila á umsömdum tíma og frestaði varnaraðili afhendingunni ítrekað. Þá er óumdeilt að varnaraðili hefur aðeins efnt samning aðila að hluta með afhendingu timburefnis í skjólvegg og blómapotta í lok júlí 2023 eða tveimur mánuðum eftir umsaminn afhendingartíma. Varnaraðili veitti sóknaraðila engar upplýsingar um hvenær frekari afhending gæti farið fram og hefur hann heldur ekki gefið skýringar á töfunum við meðferð málsins fyrir kæruneftinni. Þá liggur ekkert fyrir um að varnaraðila sé ófært að afhenda þær vörur sem eftir standa. Í ljósi verulegra vanefnda varnaraðila verður fallist á með sóknaraðila að honum hafi verið heimilt að rifta samningnum og krefjast endurgreiðslu úr hendi varnaraðila vegna þeirra vara sem ekki hafa verið afhentar, sbr. 1. mgr. 23. gr. nkpl. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila 1.171.892 krónur.

Sóknaraðili gerir kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða dráttarvexti af kröfu hans frá greiðsludegi. Í máli þessu hefur ekki verið samið um gjalddaga kröfu sóknaraðila og ber því að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannarlega krafði skuldara með réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Sóknaraðili gerði kröfu um endurgreiðslu með tölvubrési þann 31. júlí 2023. Reiknast því dráttarvextir af kröfunni frá 31. ágúst 2023.

**VI**  
**Úrskurðarorð**

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 1.171.892 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 31. ágúst 2023 til greiðsludags.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson